

Fundargerð Rallýráðs AKÍS

Fundur haldinn á Google Meet 7. október 2020 kl. 19.40

Mættir Ísak Guðjónsson, Ingimundur Helgason, Aðalsteinn Símonarson.

Garðar Gunnarsson var forfallaður.

1. Fundur með keppnishöldurum:

Ráðið hélt fund með keppnishöldurum í sérleiðarallý mánudaginn 28. september. Fundargerð sem AS hafði ritað og dreift var samþykkt til birtingar á vef AKÍS.

Sérstaklega var rætt um hvort skynsamlegt væri að endurvekja nýliðaflokk með svipuðu sniði og hann var útfærður fyrir nokkrum árum, og hafa hann e.t.v. inni í AB varahlutaflokknum. Ákveðið að skoða nánar.

2. Staðfesting Íslandsmóta 2021:

Íslandsmótið í rallý 2021 skal vera mótarið.

Íslandsmótið í nákvæmnisakstri / eRally 2021 verður ein keppni, haldin 24. – 26. júní.

3. Tilnefning til Akstursíþróttafólks ársins:

Ákveðið að tilnefna Heiðu Karen Fylkisdóttur til akstursíþróttakonunnar ársins en ekki tókst að klára umræðu um tilnefningu til akstursíþróttamanns ársins. Ákveðið að fá GG með í umræðu og ákvörðun með AS og IH á næstu dögum.

4. Fundur með keppendum:

Samkvæmt reglugerð AKÍS um keppnisráð skal halda fund með keppendum í lok keppnistímabils til að hlusta eftir ábendingum um reglubreytingar.

Þar sem reglur leyfa ekki að stofna saman hópi ótengds fólks var ákveðið að auglýsa á samfélagsmiðlum eftir skriflegum hugmyndum frá keppendum og boða síðan þá sem hafa eitthvað fram að færa á rafrænan fund til að ræða málin frekar. Miða við að tillögur komi fram í síðasta lagi 16. október og halda rafræna fundinn innan viku þar í frá. AS falið að auglýsa.

5. Aldurstakmark í rallý:

Í samræmi við umræðu síðast liðinn vetur var ákveðið að leggja til við AKÍS að 15 ára verði lágmarksaldur þeirra sem taka þátt í rallý, það gildi einnig fyrir öikumenn.

6. Önnur mál:

- Flokkar í rallý – ákveðið að breyta reglum á þann hátt að flokkur A og heildin verði sami flokkurinn. IH og AS falið að leggja hugmynd að breytingum fyrir ráðið.
- ÍG lýsti því yfir það þetta yrði hans síðasta starfsár í ráðinu.

Fundi slitið kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson